


Að vefa lýðræðið hjá Reykjavíkurborg

Halldór Auðar Svansson

Borgarfulltrúi Pírata

Formaður stjórnkerfis- og lýðræðisráðs

Þáttökustiginn



Upplýsingagjöf

- Upplýsingastefna Reykjavíkurborgar 2015 – 2020 samþykkt í borgarráði 9. júlí.
- Kveður m.a. á um frumkvæði í upplýsingamiðlun og notendamiðað aðgengi.
- Með öðrum orðum - sem mest af upplýsingum út á vefinn og með sem aðgengilegastum hætti.

Samráð

- Í upplýsingastefnunni er einnig kveðið á um virk samskipti – að samskipti gangi í báðar áttir.
- Vefur borgarinnar er oft notaður til að birta t.d. drög að stefnum og kalla eftir athugasemdum.
- Mætti vera samræmdara, ein samráðsgátt og fastmótaðri ferli um samráð við stefnumótun.

Rökræða

- Á vefnum Betri Reykjavík leggja íbúar fram tillögur, rökræða þær sín á milli og kjósa upp eða niður.
- Þetta er þó aðeins rökræða í eina átt, veflausnir eru vannýttar hjá borginni þegar kemur að rökræðu fulltrúa hennar við almenning.

Áhrif - hlutdeild

- Betri Reykjavík snýst líka um áhrif og hlutdeild, tillögur íbúanna rata inn í borgarkerfið og koma stundum til framkvæmda þar.
- Aftur er það mögulega vandamál að áhrifin eru bara í eina átt, tillögur frá íbúum inn í kerfið. Mætti hugsa sér víxlverkandi áhrif, tillögur fara úr kerfinu til íbúa og til baka aftur.

Þátttaka í ákvarðanatöku

- Á Betri Reykjavík fer fram árleg forgangsröðun framkvæmda í hverfum undir formerkjum Betri hverfa.
- Upphæðum útdelt til framkvæmdapotta sem eru (nánast) alfarið undir stjórn íbúa, þeir leggja sjálfir fram tillögur að framkvæmdum og forgangsráða þeim.
- Mögulega mætti útvista fleiri verkefnum til íbúa með þessum hætti.